

Verklags- og úthlutunarreglur við úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða

1. Tilgangur

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Vestfjörðum og veita stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana á Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa fer með umsýslu Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða í umboði Fjórðungssambands Vestfirðinga.

2. Samkeppnissjóður

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður þar sem gæði verkefna og fagmennska við gerð umsókna eru lögð til grundvallar við úthlutun. Umsóknir eru metnar út frá markmiðum og áherslum sem fram koma í Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029, samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 og skilyrðum sem birtast í þessum reglum.

3. Fagráð og úthlutunarnefnd

Á Fjórðungspingi er kosinn fimm manna úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs. Úthlutunarnefnd skal skipuð einum fulltrúa frá norðanverðum Vestfjörðum, sunnanverðum Vestfjörðum, Ströndum og Reykhólahreppi og tveimur fulltrúum utan Vestfjarða. Nefndin velur sér formann. Að auki skulu kosin tvö fjögurra manna fagráð, annars vegar fagráð menningar og hins vegar fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Í hvoru fagráði skal sitja einn fulltrúi frá hverju framangreindra svæða á Vestfjörðum og einn utan Vestfjarða. Hvort fagráð skal velja sér formann.

Hlutverk fagráða er að fara yfir umsóknir eftir þar til gerðu matsblaði og leggja til hvaða verkefni skuli styrkt á grundvelli faglegs mats. Niðurstöður fagráða skulu síðan lagðar fyrir úthlutunarnefnd sem endanlega ákvarðar styrkupp hæðir og skulu þær vera innan fjárhagsramma sem stjórn ákveður.

Þeir sem sitja í fagráðum og úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja af fundi ef aðstæður draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 20 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Úthlutunarnefnd skal strax í lok vinnu sinnar skila greinargerð til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þar sem m.a. er gert grein fyrir málsmeðferð og að farið hafi verið eftir reglum um vanhæfi.

Fagráð og úthlutunarnefnd skulu undirrita trúnaðarskjal þar að lútandi.

Óheimilt er að hafa samskipti við fagráðsmenn eða stjórn vegna umsókna. Komi það í ljós verður viðkomandi umsókn vísað frá án frekari rökstuðnings.

4. Framkvæmd

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal ákvarða fjárhagsramma úthlutunar.

Starfsmenn Vestfjarðastofu sjá um að auglýsa eftir umsóknum, taka við umsóknum og ganga frá þeim í hendur fagráða. Þeir sjá um undirbúningsvinnu, boða og sitja fundi fagráða og úthlutunarnefnda með málfrlsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Að úthlutun lokinni sjá þeir um samskipti við styrkþega, útborgun styrkja, innheimtu lokaskýrsla og eftirfylgni.

5. Umsækjendur

Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki eða stofnanir á Vestfjörðum. Umsækjendur skulu hafa íslenska kennitölu. Heimilt er að styrkja verkefni sem framkvæmd eru í fjórðungnum og unnin að hluta eða öllu leyti í samvinnu við vestfirsku aðila, þótt aðalumsækjandi sé búsettur utan svæðis.

Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðilar í umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki. Slíkir aðilar geta þó sótt um verkefnisstyrki úr Uppbyggingarsjóði enda sé í þeim verkefnum fólgið nýnæmi, samvinna milli stofnana eða milli atvinnugreina.

Sveitarfélög eða rekstraraðilar félagsheimila og menningarhúsa geta sótt um styrki til einstakra verkefna eða röð viðburða í viðkomandi húsum.


Umsækjendur um stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana skulu vera lögaðilar og reka starfsemina árið um kring.

6. Úthlutunarferli

Að jafnaði eru styrkir auglýstir að hausti og þeim úthlutað einu sinni á ári. Heimilt er að auglýsa aftur eftir umsóknum ef að ástæða þykir.

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki á vef og samfélagsmiðlum Vestfjarðastofu, með veggspjöldum á opinberum stöðum og í vestfirskum vefmiðlum.

Matsferli umsókna



7. Umsóknir

Umsóknum skal skila á rafrænu formi. Á vef Vestfjarðastofu er hlekkur á innskráningarsíðuna vestfiridir.is/uppbyggingarsjodur

Mælt er með að umsóknin sé gerð í ritvinnsluforriti áður en hún er flutt yfir í rafrænt form.

Í umsókninni skal vera greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess, verk- og tímaáætlun, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur. Mikilvægt er að kostnaðaráætlanir séu raunhæfar. Einnig skal koma fram hvernig verkefnið styður við markmið og áherslur Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029.

Ekki er tekið tillit til viðbótargagna vegna umsóknar sem berast eftir að skilafresti lýkur nema fagrað sjóðsins kalli sérstaklega eftir þeim. Ekki er tekið tillit til umsóknargagna sem eru með tengingu í ytri gögn, t.d. í gagnageymslum, sem eru breytanleg eftir að umsóknaðfresti lýkur.

Umsækjendur þurfa að hafa skilað loka- eða framvinduskýrslum vegna fyrri styrkja, áður en sótt er um styrk til framhaldsverkefnis.

- a) Umsóknir þurfa að falla að markmiðum og áherslum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029
- b) Umsóknir eru metnar með faglegum hætti út frá trúverðugleika og gæðum umsókna og verkefna, afrakstri þeirra og áhrifum á atvinnuþróun, nýsköpun, mannauð og menningar- og mannlíf í fjórðungnum. Við mat á umsóknum er stuðst við matblað sem skal vera aðgengilegt á vef Vestfjarðastofu.
- c) Heimilt er að sækja um framlag til allt að þriggja ára, sé styrkupp hæð 1.800.000 kr. árlega eða hærri.
- d) Launakostnaður umsækjenda skal miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum samkvæmt almennum kjarasamningum. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launakostnaðar í umsóknum. Hámarkstímakaup í útreikningi eigin vinnuframlags skal þannig vera 5.700 kr./klst¹.

¹ Miðað er við meðaltalstímakaup samkvæmt leiðbeiningum Skattsins um viðmiðunarfjárhæðir endurgjalds í flokkum B5 og C5 í reiknuðu endurgjaldi RSK. Tímakaup er fundið með því að deila í mánaðarkaup með 167,94.

8. Styrkhæf verkefni

Að jafnaði er litið til verkefna sem efla listir, menningu, nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu, fjölgun atvinnutækifæra, stuðla að vöruþróun og gæði hönnunar, auka fagmennsku á sviði lista og menningar, styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu og verkefni sem eru gjaldeyrisskapandi.

Styrkir eru tvennskonar:

Verkefnastyrkir til
atvinnuþróunar,
nýsköpunar og á sviði
menningar

Stofn- og rekstrarstyrkir til
menningarstofnana

Styrkir úr Uppbyggingarsjóði geta numið allt að 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.

Styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði þurfa að falla að markmiðum og áherslum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029.

Styrkhæf verkefni teljast til dæmis:

- Úrvinnsla og miðlun á rannsóknarniðurstöðum
- Menningartengdar hátíðir
- Uppbygging ungmennastarfs
- Umhverfistengd verkefni með sjálfbærni að leiðarljósi
- Nýsköpun
- Menntunartengd verkefni sem auka samstarf á milli skóla
- Menningarviðburðir
- Atvinnuþróun
- Gerð viðskiptaáætlana
- Gerð markaðsáætlana
- Innleiðing hönnunar í vöruþróun
- Þróun verkferla

Stofn- og rekstrarstyrkir eru aðeins veittir til menningarstofnana sem reka starfsemi sína allt árið um kring. Í því felst að viðkomandi stofnun hafi starfsmann í að lágmarki 70% starfi á ársgrundvelli.

9. Uppbyggingarsjóður fjármagnar ekki:

- a) Fjárfestingar í fyrirtækjum, kaup á lóðum eða húsnæði.
- b) Kaup á búnaði og tækjum til almenns rekstrar, svo sem tölvur og annan skrifstofubúnað, nema um stofn- og rekstrarstyrk sé að ræða.
- c) Skráningu menningarminja eða forvörslu safngripa.
- d) Hefðbundnar bæjarhátíðir, hefðbundna starfsemi íþróttafélaga, hefðbundið safnaðarstarf eða hefðbundið menningarstarf innan skóla.
- e) Styrki sem eingöngu renna til rannsóknarverkefna, frekar er litið til verkefna sem snúast um hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna eða miðlunar á afrakstri rannsókna.
- f) Kostnaðarliði sem fallið hafa til fyrir áramót úthlutunarárs.
- g) Virkjanaframkvæmdir
- h) Þjónustu túlka
- i) Verkefni eða aðila sem þiggja meira en 200 þúsund evrur í stuðning frá opinberum aðilum yfir hvert þriggja ára tímabil þarf að fylgja umsókn, samanber 3 gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013.

10. Skilmálar

Vestfjarðastofa² setur eftirfarandi skilmála vegna styrkveitinga. Styrkþega ber að samþykkja þá skilmála með því að haka við í viðeigandi reit:

- Styrkþegi samþykkir með umsókn sinni þá skilmála sem koma fram í úthlutunarreglum og að verkefnið verði unnið skv. lýsingu og verkáætlun sem fylgdu umsókn eða endurskoðaðri áætlun.
- Styrkþegi samþykkir að nafn hans og stutt lýsing á verkefninu verði birt í kynningarefni Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.
- Í kynningu og opinberri umfjöllun um verkefnið skal geta stuðnings Sóknaráætlunar Vestfjarða þegar við á.
- Styrkþegi og forsvarsmaður verkefnisins bera alla ábyrgð á framkvæmd þess og skulu ábyrgjast að fullnægjandi leyfi sé fyrir framkvæmd verkefnisins, notkun heimilda svo og öðrum þáttum sem tilheyra verkefninu. Jafnframt hvílir á þeim fjárhagsleg ábyrgð um bókhalds- og framtalsskyldu og hefur Uppbyggingarsjóður aðgang að bókhaldi verkefnisins, ef þess er óskað.
- Tilhögun á greiðslu styrks er samkvæmt úthlutunarreglum.
- Styrkþegi samþykkir að vera skráður á póstlista menningarmála eða nýsköpunar eftir því sem umsóknin kveður á um. Honum er heimilt að afskrá sig af póstlista hvenær sem er.
- Sé viðburðahald ætlað almenningi hluti af verkefninu skal styrkþegi skrá viðburðinn á [viðburðadagatal Markaðsstofu Vestfjarða](#).
- Styrkþegi staðfestir að hann hafi ekki fengið og muni ekki þiggja meira en 300.000 evrur í styrk frá opinberum aðilum yfir hvert þriggja ára tímabil (ESB nr. 1407/2013).

² Í umboði Fjórdungssambands Vestfirðinga kt. 700573-0799

11. Úthlutun

- a) Umsækjendur skulu fá upplýsingar um styrkúthlutun innan tveggja vikna frá úthlutun. Starfsmenn Vestfjarðastofu senda styrkhöfum leiðbeiningar um greiðslutilhögun styrkja. Hafi styrkþegar ekki sett sig í samband við starfsfólk Vestfjarðastofu innan 45 daga frá útsendingu niðurstaðna fellur styrkveitingin sjálfkrafa niður án frekari viðvörunar.
- b) Hægt er að sækja um rökstuðning fyrir höfnun styrkumsóknar á sviði atvinnuþróunar- og nýsköpunar í allt að tvær vikur frá útsendingu niðurstaðna. Samkvæmt 3. tölulið 2. mgr. 21. gr. stjórnáðalgr. nr. 37/1993, ber stjórnvaldi ekki að veita rökstuðning þegar um er að ræða úthlutun styrkja á sviði lista, menningar eða vísinda.

12. Greiðslur styrkja

A. Greiðsluskipting.

- 1) Styrkir 500.000 kr. og minna:
Greiðsla fer fram í einu lagi eftir áramót á því ári sem verkefnið kemur til framkvæmda.
- 2) Styrkir hærrí en 500.000 kr.:
80% styrkuppþæðar greiðist við úthlutun, sem fyrst eftir áramót. Í tilfelli fjölárastyrkja er miðað við greiðslur eins árs í einu.
20% styrkuppþæðar greiðist við skil framvindu- eða lokaskýrslu.

B. Endurkröfuréttur og tímarammi.

- i. Ef ekkert verður af verkefni sem fær styrkvilyrði fellur styrkurinn frá Uppbyggingarsjóði niður. Verði verulegar breytingar á verkefni þarf að lýsa breyttum forsendum og sækja um frest skriflega til Uppbyggingarsjóðs, ella er styrkurinn endurkræfur að hluta eða öllu leyti.
- ii. Miðað er við að verkefni komi til framkvæmda innan árs frá úthlutun. Skila þarf framvinduskýrslu og formlegri beiðni um frestun ef óskað er eftir að sá tímarammi sé lengdur. Að öðrum kosti má styrkþegi búast við að styrkur verði felldur niður.
- iii. Í öllum tilfellum er heimilt að sameina greiðslur hafi skilyrðum beggja greiðslna verið fullnægt.
- iv. Greiðslur miðast við almanaksár.

13. Kynning verkefnis

Ef markmið verkefnisins er viðburður eða kynning á opnum vettvangi er eindregið mælt til að styrkþegi sendi Vestfjarðastofu frétt og ljósmynd frá þeim atburði.

Sé viðburður ætlaður almenningi hluti verkefnisins skal skrá hann með góðum fyrirvara í viðburðadagatal Markaðsstofu Vestfjarða/Visit Westfjords.

Að öðru leyti ber styrkþega að veita Vestfjarðastofu upplýsingar um framkvæmd verkefnisins og aðgang að bókhaldsgögnum þegar og ef eftir því er leitað.

14. Ábyrgð og hæfi

Styrkþegi og forsvarsmaður verkefnisins bera alla ábyrgð á framkvæmd þess og skulu ábyrgjast að fullnægjandi leyfi sé fyrir framkvæmd verkefnisins, notkun heimilda svo og öðrum þáttum sem tilheyra verkefninu. Jafnframt hvílir á þeim fjárhagsleg ábyrgð um bókhalds- og framtalsskyldu og hefur Uppbyggingarsjóður aðgang að bókhaldi verkefnisins, ef þess er óskað. Styrkþegar skulu uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr. 47 gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

15. Trúnaður

Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra í samræmi við upplýsingalög. Birtur verður opinberlega listi yfir styrkþegar, heiti verkefnis og styrkupp hæð ásamt kynningartexta.

16. Endurskoðun

Verklags- og úthlutunarreglur þessar skal endurskoða árlega, áður en auglýst er að nýju eftir styrkumsóknum til Uppbyggingarsjóðs.

*Þannig samþykkt á fundi stjórnar
Fjórðungssambands Vestfirðinga
þann 17. mars 2020,
endurskoðað 27. september 2023,
25. september 2024
og 27. ágúst 2025.*